Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Specialty Adhesive Remover sprey – Límhreinsir**

Vörunúmer: **PN38987** **425 g**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Límhreinsir í úðabrúsa.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

3M Center, St. Paul, MN,
55144-1000, USA
00-1-888-364-3577
-
www.3M.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum	Úðabr.1
H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við hitun	Loftt.u.þr.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H351	Grunað um að valda krabbameini	Krabb.2
H360	Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði	Eit.á æxl.1B
H370	Skaðar líffæri	SEM-VES 1
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	SEM-EV 1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum
H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við hitun
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H351	Grunað um að valda krabbameini
H360	Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði
H370	Skaðar líffæri (skynfæri)
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif (taugakerfi, skynfæri)

Varnaðarsetningar	P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
	P201	Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.
	P202	Nauðsynlegt er að lesa og skilja allar viðvaranir áður en efnið er notað.
	P210	Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
	P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.
	P251	Ekki má gata eða brenna brúsa jafnvel þótt þeir séu tómir.
	P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.
	P270	Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru.
	P271	Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.
	P280	Notið hlífðarhanska/augnhlífar/andlitshlífar.
	P304 + P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
	P305 + P351 + P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
	P308+P313	EF um váhrif eða hugsanleg váhrif er að ræða: Leitið læknis.
	P332+P313	Ef efnið ertir húð: Leitið læknis.
	P337+P313	Ef augnerting er viðvarandi: Leitið læknis.
	P362+P364	Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.
	P403+P233	Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.
	P405	Geymist á læstum stað.
	P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.
	P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur: 3% eru innihaldsefni með óþekkt eiturhrif við inntöku, innöndun eða snertingu við húð.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Aseton			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119471330-49	**Innihald %**	**15 - 40**
Raðnúmer	606-001-00-8	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	200-662-2	**H-setningar**	-
CAS	67-64-1	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Augnert. 2 - **H319**, SEM-VES 3 - **H336**			

Leysinafta (úr jarðolíu), létt, alifatískt			
Skráningarnúmer ECHA		**Innihald %**	**15 - 40**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	265-192-2	**H-setningar**	-
CAS	64742-89-8	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eit.v.ásvelg.1 **- H304**			

Xýlen			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119488216-32	**Innihald %**	**15 - 40**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	215-535-7	**H-setningar**	-
CAS	1330-20-7	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - **H226**, Bráð eit. 4 - **H312**, Bráð eit. 4 - **H332**, Húðert. 2 - **H315**			

Etýlbensen			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119489370-35	**Innihald %**	**3 - 13**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	202-849-4	**H-setningar**	-
CAS	100-41-4	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Bráð eit.4 - **H332**			

Koldíoxíð			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**3 - 7**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	204-606-9	**H-setningar**	-
CAS	124-38-9	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
-			

Heptan			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**1 - 5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	205-563-8	**H-setningar**	-
CAS	142-82-5	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Eit.v. ásvelg. 1 - **H304**, Húðert. 2 - **H315**, SEM-VES 3 - **H336**, Bráð eit.á vatn 1 - **H400,** Langv.eit.á vatn 1 - **H410**			

Oktan			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**1 - 5**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	111-65-9	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Eit.v.ásvelg.1 - **H304**, Húðert.2 - **H315,** SEM-VES 3 - **H336,** Bráð eit.á vatn 1 - **H400,** Langv.eit.á vatn 1- **H410**			

Tólúen			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 0,7**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	203-625-9	**H-setningar**	-
CAS	108-88-3	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Eit.v.ásvelg. 1 - **H304**, Húðert. 2 - **H315**, SEM-VES 3 - **H336**, SEM-EV 2 - **H373**, Eit.á æxl. 2 - **H361d**			

Kúmen			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119495602-34-xxxx	**Innihald %**	**< 0,4**
Raðnúmer	601-024-00-X	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	202-704-5	**H-setningar**	-
CAS	98-82-8	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - **H226**, Eit.v.ásvelg.1 - **H304**, SEM-VES 3 - **H335**, Langv.eit.á vatn 2 - **H411**			

Bensen			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 0,05**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	200-753-7	**H-setningar**	-
CAS	71-43-2	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Eit.v.ásvelg. 1 - **H304**, Húðert. 2 - **H315**, Augnert.2 - **H319**, Stökkbr.1B - **H340**, Krabb.1A - **H350**, SEM-EV 1 - **H372**			

Naftalen			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 0,05**
Raðnúmer	601-052-00-2	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	202-049-5	**H-setningar**	-
CAS	91-20-3	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			**-**
Bráð eit.4 - **H302**, Krabb.2 - **H351**, Bráð eit.á vatn - **H400 (M=1)**, Langv.eit.á vatn - **H410 (M=1)**			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt

Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn.
Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.
Þjálfað starfslið gefi súrefni, ef nauðsyn krefur. Sýnið öryggisblaðið.

Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis séu einkenni viðvarandi.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið strax læknis.
Inntaka	Hreinsið munn vandlega með vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Leitið læknis við vanlíðan.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Bæling miðtaugakerfis (höfuðverkur, svimi, sljóleiki, skortur á samhæfingu, ógleði, talerfiðleikar, meðvitundarleysi). Áhrif á marklíffæri við langvinn eða endurtekin váhrif, sjá lið 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði, kælið umbúðir með vatnsúða. Veljið slökkviefni sem hentar aðstæðum í hverju tilviki.
Óhentugur slökkvibúnaður:	-

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolmónoxíð, koldíoxíð, hálfbrunnin vetniskolefni, ertandi og eitraðar gufur, reykur. Umbúðir geta sprungið við upphitun. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Reykið ekki. Notið persónuhlífar. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa, t.d. vélar og tæki. Notið neistavarin áhöld. Notið öndunarbúnað, sé loftræsting ófullnægjandi.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Tryggið góða loftræstingu. Stöðvið dreifingu með ólífrænum ísogsefnum svo sem kísilgúr eða sandi. Notið neistafrí áhöld. Setjið upphreinsað efni í vel lukt og merkt ílát, svo fljótt sem unnt er. Safnið tómum umbúðum, og fargið sbr. 13.lið. Athugið að mettað ísogsefni getur haft sömu eiturhrif og varan sjálf. Hreinsið mengað svæði.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið alla eld- og neistagjafa. Gerið ráðstafanir gegn myndun stöðurafmagns. Notið neista-varinn fatnað og skó. Ekki má gata eða brenna hylki, jafnvel þótt þau séu tóm. Úðið ekki á eld eða glóandi hluti. Gufa getur verið sprengifim. Gufa er þyngri en loft og getur safnast fyrir með gólfi og í lágt liggjandi rými. Vöruna ætti eingöngu að nota í atvinnuskyni af þeim sem hafa til þess þekkingu. Forðist snertingu við oxara (klór, krómsýru).

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Athugið reglur um úðabrúsa.
Geymið fjarri beinu sólarljósi, sýrum, oxurum, og hitastigi yfir 50°C.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Etýlbensen	100	435			OSHA
Tólúen	200		300		OSHA
Oktan	500	2350			OSHA
Koldíoxíð	5000	9000			OSHA
Xýlen	100	435			OSHA
Heptan	500	2000			OSHA
Leysinafta (úr jarðolíu), létt, alifatískt	100	400			OSHA
Aseton	1000	2400			OSHA
Bensen	10		25		OSHA
Naftalen	10	50			OSHA
Kúmen	50	245			OSHA

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað.
Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið viðurkennda andlitshlíf eða öryggisgleraugu með hliðarvörn (EN166).

Húð - hendur Notið efnahelda hlífðarhanska úr nítrílgúmmíi eða marglaga fjölliðum (EN374).
(meðhöndlun er auðveldari með nítrílhönskum)
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar.

Öndunarfæri Fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, ætti að nota öndunargrímu (hálf- eða heil-) með síu fyrir lífrænar gufur. (skv. EN136-140)

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol)	
Lykt:	Leysiefnalykt	
Litur:	Litlaus	
Blossamark:	-18°C	
Eðlismassi við 20°C:	0,810	g/cm^3
Vatnsleysni:	Óleysanlegt	
Rokgjörn lífræn efnasambönd:	66,6%	
Rokgjörn lífræn efnasambönd:	539	g/l

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð. Getur hvarfast við tiltekin skilyrði.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Ekki er hætta á fjölliðun.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig. Eld- og neistagjafar.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Eftirfarandi getur myndast við eldsvoða: Kolmónoxíð, koldíoxíð, hálfbrunnin vetniskolefni, ertandi og eitraðar gufur, reykur. Umbúðir geta sprungið við upphitun.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:

Innöndun Veldur ertingu í öndunarvegi. Einkenni geta verið: Hósti, hnerrar, nefrennsli, höfuðverkur, hæsi, verkir í nefi og koki.

Húð Veldur vægri ertingu. Einkenni geta verið: Roði, sársauki, og þurrkur.

Augu Alvarleg augnerting. Einkenni geta verið: Roði, bólgumyndun, kláði og þurrkur, getur valdið varanlegum sjónskaða.

Inntaka Veldur ertingu í meltingarvegi. Einkenni geta verið: Verkir í kviðarholi, magakveisa, ógleði, uppköst, og niðurgangur. Getur valdið fleiri skaðlegum áhrifum.

Áhrif á marklíffæri Bæling miðtaugakerfis: Einkenni geta verið: Höfuðverkur, svimi, sljóleiki, skortur á samhæfingu, ógleði, hægari viðbrögð, drafandi tal, og meðvitundarleysi. Einnig skert heyrn, jafnvægisskortur og eyrnasuð.

Krabbamein Sum innihaldsefna geta valdið krabbbameini.

Eitrun æxlunarfæra Sum innihaldsefna geta valdið skaða á æxlunarfærum og fæðingargöllum.

Specialty Adhesive Remover sprey – Límhreinsir					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	ATE	>5000	mg/kg		
Bráð eiturhrif, ísog um húð	ATE	>5000	mg/kg		
Bráð eiturhrif, innöndun	ATE	20-50	mg/l/4klst		

Aseton					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	3000	mg/kg	mús	
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	5800	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	15700	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	76	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting	Lítillega ertandi, endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.				
Alvarlegur augnskaði				kanína	Ertandi
Næming, húð eða öndunarfæri				hamstur	Engar vísbendingar
Stökkbreytingar gerla				OECD 476	Neikvætt
Stökkbreytingar gerla				OECD 471	Neikvætt
Krabbamein					Engar vísbendingar
Einkenni	Meðvitundarleysi,, höfuðverkur, meltingartruflanir, þreyta, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.				

Leysinafta (úr jarðolíu), létt, alifatískt					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	3000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>5,2	mg/l/4 klst	rotta	
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt		OECD 471	
Sértæk áhrif á marklíffæri	LOAEL	0,09	mg/l		
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni	Meðvitundarleysi,, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, truflanir í meltingarvegi, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst, hósti, kviðverkir, krampi.				

Oktan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg/24 klst	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>24,9	mg/l/4 klst	rotta	

Heptan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>15000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	3000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	103	mg/l/1 klst	rotta	
Ásvelgingarhætta		Já			
Helstu einkenni	Sljóleiki, svimi, meðvitundarleysi, ógleði, uppköst, höfuðverkur, erting í slímhúðum, augnrennsli, magaverkir, hósti, ský á hornhimnu, blöðrumyndun.				

Etýlbensen					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	4770	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	15354	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	17,2	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Væg erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar vísbendingar			
Stökkbreytingar kímfruma		Engar vísbendingar			
Einkenni	Skortur á vöðvasamhæfingu, andnauð, magaverkir, meðvitundarleysi, truflanir á hjarta og æðakerfi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, þreyta, erting í slímhúðum, vanlíðan, ógleði, uppköst.				

Xýlen					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	3500	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	4200	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	29	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Veldur ertingu		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Engar vísbendingar			
Stökkbreytingar gerla		Engar vísbendingar			
Einkenni	Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, öndunarerfiðleikar, sviði í nefi og koki, þreyta, erting í slímhúðum, truflanir á hjarta og æðakerfi, vanlíðan, ógleði, uppköst.				

Tólúen					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	5550	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	12000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	30	mg/l/4 klst	rotta	

Koldíoxíð					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Einkenni	Meðvitundarleysi, kalsár við snertingu, uppköst, blöðrur á húð, pirringur, kláði, höfuðverkur, magaverkir, eyrnasuð, svimi.				

Kúmen					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	1400	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>3160	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	30	mg/l/4 klst	rotta	

Naftalen					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	300-2000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	200-5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	20-50	mg/l/4 klst		
Húðæting/erting		Affitar húð			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni	Lystarleysi, hreyfistjórnun, öndunarerfiðleikar, niðurgangur, ský á augasteinum, höfuðverkur, magaverkir, meltingartruflanir, erting í slímhúðum, uppköst, svimi, ógleði.				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Forðist losun út í umhverfið.

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.5 PBT/VPvB: Á ekki við.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinna.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking



UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS
Hættuflokkur:	2.1
Pökkunarflokkur:	-
Hættuundirflokkur:	5F
Jarðgangaflokkun:	D
Mengunarhætta:	Nei

IMDG:



UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS
Hættuflokkur:	2.1
EmS:	F-D, S-U
Pökkunarflokkur:	-
Mengunarhætta:	Nei

IATA:



UN Númer	1950
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur:	2.1
Pökkunarflokkur:	-

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H222	Úðabrúsi með afar eldfimum efnum
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H226	Eldfimur vökvi og gufa
H280	Inniheldur lofttegund undir þrýstingi, getur sprungið við upphitun
H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H312	Hættulegt í snertingu við húð
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H336	Getur valdið sljóleika og svima
H340	Getur valdið erfðagöllum
H350	Getur valdið krabbameini
H351	Grunað um að valda krabbameini

H360	Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði
H361d	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði
H370	Skaðar líffæri
H372	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1 / 16.11.2021

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***3M***
SAFETY DATA SHEET
3M Specialty Adhesive Remover PN 38987
Útgáfa: *21.06.2019 Útgáfa 5.02*